

**Nd.** **333. Frumvarp til laga** [175. mál]  
um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Pálmi Jónsson, Albert Guðmundsson.

**1. gr.**

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Umboðslaun vegna sölu landbúnaðarvara erlendis skulu greiðast sem ákveðinn hundraðshluti af því verði sem fyrir þær fæst. Landbúnaðarráðherra ákveður umboðslaun fyrir útfluttar landbúnaðarvörur að fengnum tillögum framleiðsluráðs landbúnaðarins.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Upplýst hefur verið, að búvörudeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, sem er helsti útflytjandi íslenskra landbúnaðarafurða, fær greidd umboðslaun af heildsöluverði vörunnar eins og það er ákveðið í upphafi verðlagsárs. Hefur raunvirði vörunnar erlendis, sem oftast er mun lægra, þá engin áhrif á umboðslaun útflytjandans, heldur greiðast þau einnig að hluta af því fé, sem varið er til útflutningsuppbóta. Tæplega verður fallist á, að hér sé farið að í samræmi við eðlilegar viðskiptavenjur.

Frumvarp þetta er flutt til þess að hér verði komið á eðlilegri skipan, umboðslaun verði aðeins greidd af því verði, sem útflytjanda tekst að fá fyrir vöruna erlendis. Slík breyting ætti að hafa í för með sér nauðsynlega hvatningu til þess að ná sem hæstu söluverði.